

Uppdrátturinn hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um og samþykki sveitarstjórnar Austur-Héraðs. Skipulagsstofnun hefur afgreitt erindið til staðfestingar.

Breyting þessi öðlast þegar gildi.

Umhverfisstofnun, 10. júlí 2002.

Siv Friðleifsdóttir.

Sigríður Auður Arnardóttir.

AUGLÝSING

um umferð í Húnaþingi vestra.

Hvammstangi.

Samkvæmt heimild í 81. gr. umferðarlaga nr. 50/1987 og að fenginni tillögu sveitarstjórnar Húnaþings vestra, eru hér með settar eftirfarandi reglur um umferð á Hvammstanga:

Umferð um Brekkugötu viku fyrir umferð á Hvammstangabraut en hefur forgang gagnvart umferð af aðliggjandi götum nema Ásbraut.

Umferð um Hlíðarveg nýtur forgangs gagnvart umferð af aðliggjandi götum.

Umferð um Hvammaveg nýtur forgangs gagnvart umferð af aðliggjandi götum.

Umferð um Hvammstangabraut nýtur aðalbrautarréttar gagnvart aðliggjandi götum. Suður að gatnamótum Brekkugötu eru bifreiðastöður bannaðar beggja vegna við götuna en frá gatnamótum Hvammstangabrautar við Brekkugötu eru bifreiðastöður bannaðar vestan Hvammstangabrautar en austan hennar eru bifreiðastöður stærri ökutækja bannaðar.

Umferð um Höfðabraut nýtur forgangs gagnvart umferð af aðliggjandi götum nema af Brekkugötu og Lækjargötu.

Umferð um Kirkjuveg nýtur forgangs gagnvart umferð af aðliggjandi götum nema Hlíðarvegi.

Umferð um Klapparstíg nýtur forgangs gagnvart umferð af Strandgötu úr norðri.

Umferð um Lækjargötu nýtur forgangs gagnvart umferð af aðliggjandi götum nema Hvammstangabraut og Brekkugötu.

Umferð um Spítalastíg njóti forgangs gagnvart umferð af Nestúni.

Umferð um Norðurbraut njóti aðalbrautarréttar gagnvart umferð af aðliggjandi götum. Bifreiðastöður eru bannaðar beggja vegna meðfram Norðurbraut.

Umferð um Strandgötu njóti forgangs gagnvart umferð af aðliggjandi götum þó ekki af Klapparstíg en viku þar fyrir umferð af Klapparstíg.

Stöður vöruflutningabifreiða og stærri bifreiða eru bannaðar í íbúðahverfum nema til losunar og lestunar.

Biðskyldumerki skal setja upp skv. ofanskráðu. Á gatnamótum Lækjargötu að Hvammstangabraut og Lækjargötu að Brekkugötu skal vera stöðvunarskylda.

Hámarkshraði ökutækja á Hvammstanga er 50 km.

Með samþykkt þessari eru numin úr gildi þau ákvæði eldri auglýsinga um umferð á Hvammstanga, sem brjóta í bága við samþykkt þessa. Reglur þessar taka gildi við birtingu þeirra.

Laugarbakki.

Samkvæmt heimild í 81. gr. umferðarlaga nr. 50/1987 og að fenginni tillögu sveitarstjórnar Húnaþings vestra, eru hér með settar eftirfarandi reglur um umferð á Laugarbakka:

Umferð um Miðfjarðarveg njóti forgangs á allar aðliggjandi götur og stíga.

Stöður vöruflutningabifreiða eru bannaðar í íbúðahverfum nema til losunar og lestunar.

Hámarkshraði ökutækja á Laugarbakka er 50 km.

Með samþykkt þessari eru numin úr gildi þau ákvæði eldri auglýsinga um umferð á Laugarbakka, sem brjóta í bága við samþykkt þessa. Reglur þessar taka gildi við birtingu þeirra.

Reykjatangí við Hrútafjörð.

Samkvæmt heimild í 81. gr. umferðarlaga nr. 50/1987 og að fenginni tillögu sveitarstjórnar Húnaþings vestra, eru hér með settar eftirfarandi reglur um umferð á Reykjatanga við Hrútafjörð:

Umferð um Reykjaskólaveg víki fyrir umferð á þjóðvegi en njóti forgangs gagnvart aðliggjandi götum.

Hámarkshraði umferðar á Reykjatanga er 50 km.

Með samþykkt þessari eru numin úr gildi þau ákvæði eldri auglýsinga um umferð á Laugarbakka, sem brjóta í bága við samþykkt þessa. Reglur þessar taka gildi við birtingu þeirra.

Blönduósi, 15. júlí 2002.

F.h. sýslumannsins á Blönduósi,

Vilhjálmur H. Vilhjálmsson ftr.

AUGLÝSING

um breytingu á gjaldskrá Rafveitu Akureyrar.

Samkvæmt orkulögum nr. 58 29. apríl 1967 hefur ráðuneytið staðfest eftirfarandi breytingu á gjaldskrá Rafveitu Akureyrar er öðlast gildi við birtingu.

Gjaldskrá Rafveitu Akureyrar, nr. 87 frá 1. janúar 1997, með áorðnum breytingum, breytist þannig:

Gjaldskrá raforkutaxta hækkar um 3% frá 1. ágúst 2002.

Iðnaðarráðuneytinu, 15. júlí 2002.

Porgeir Örlygsson.

Katrín Jóhannsdóttir.